

SAG 2A050

Áfangalýsing:

Áfanginn er fyrsti söguáfangi nemanda Menntaskólans á Akureyri og annar af tveimur sem allir nemendur taka. Sagan sem námsgrein og fræðigrein og helstu grunnþættir hennar verða kynntir í upphafi áfangans. Saga mannkyns verður rakin frá upphafi sögulegs tíma fram um 1800 e.Kr. Höfuðáhersla er lögð á sögu Vesturlanda og hún sögð frá landbúnaðarbyltingu fyrir u.þ.b. 9000 árum til frelsisstríðs Bandaríkjanna á seinni hluta 18. aldar. Íslandssagan frá landnámi fram til aðdraganda sjálfstæðisbaráttu verður rakin samhliða mannkynssögunni. Nemendur flytja á önninni einn fyrirlestur í þriggja manna hópum. Þá er reiknað með að í fyrstu viku í nóvember verði farin söguferð um Eyjafjörð og Skagafjörð. Fyrir þessar ferð,- rútu, leiðsögn og hádegisverð á Hólum í Hjaltadal greiða nemendur 3500 krónur og greiðist í annari kennslustund annarinnar.

Markmið áfangans:

1. Að nemandinn fái þekkingu og tilfinningu fyrir hinum samfellda sögulega tíma sem og mismunandi skeiðum innan hans.
2. Að nemandinn kunnir skil á samfelldri þjóðarsögu Íslendinga, einstökum tímabilum innan hennar og samhengi við sögu umheimsins.
3. Að nemandinn verði vel læs á hin ólíku birtingarform sögunnar og geti miðlað þekkingu sinni og skilningi með fjölbreyttum hætti.
4. Að nemandinn þjálfist í að meta gildi og áreiðanleika heimilda, frásagna og sögulegra skýringa.

Námsefni:

1. *Fornir tímar,-* í ritstjórn Gunnars Karlssonar. Mál og menning. Reykjavík. 2003.
2. Fjölritað efni frá kennurum.
3. Myndbönd og margmiðlunarefni sem tengist efni áfangans.
4. Glærur og verkefni á Moodle.

Kennsluáðferðir:

Stefnt er að því að kennsluhættir í sögu verði sem fjölbreyttastir. Hefðbundnar og sígildar aðferðir verða notaðar í bland við nýrri aðferðir og tækni samtímans. Fyrirlestrar, umræður, ýmis verkefni bæði skrifleg og munnleg, liggja til grundvallar því starfi sem fram fer í kennslustundum.

Kennsluáætlun:

Á haustönn 2012 eru teknir upp tveir nýir þættir í byrjunaráfanga í sögu,- annar er söguferð um Eyjafjörð og Skagafjörð, hinn er sex Moodle-verkefni. Söguferðin verður farin í byrjun nóvembermánaðar en Moodle-verkefnin dreifast jafnt á önnina. Þátttaka í söguferðinni, Moodle-verkefnin og fyrirlestur gilda 40% af lokaeinkunn.

Þrjú fyrstu hlutar bókarinnar verða lesnir óstyttir (- bls. 6 – 213) . Í þremur síðari hlutum bókarinnar (- bls. 217 – 367) eru kaflar sem ekki verða lesnir til prófs. Um þá verður tilkynnt síðar. Á það skal bent að best gagnast bókin nemendum ef hún er lesin öll.

Megindrættir sameiginlegrar yfirferðar allra bekkjardeilda eru eftirfarandi:

1. til 4. vika: Kynning sögu og sagnfræði, tíminn og sagan, ágríp sögu hugmynda og tækni, landbúnaðarbyltingin, upphaf siðmenningar, fljótamening, ríkismyndun, Austurlönd nær og fjær, Grikkland, Róm . Fyrsta Moodle-verkefni á að skila 28. sept. og öðru 12. okt.

5. til 8. vika: Miðaldir, þjóðflutningar, þjóðríki Evrópu, lénsveldi, Karl mikli, víkingar, landnám Íslands, Alþingi, þjóðveldi, landafundur í vestri, hin alþjóðlega kaþólska kirkja, kristnitaka og biskupsstólar á Íslandi, krossferðir, kirkjuvald, konungsvald, Sturlungaöld á Íslandi, endalok þjóðveldis. Daglegt líf, stéttir og efnahagur. Söguferðin verður farin í byrjun nóvember. Þriðja Moodle-verkefni á að skila 26. okt. og því fjórða 9. nóv. Söguferð verður farin fyrstu viku í nóvember.

9. til 14. vika: Nýöld, endurreisn og siðaskipti í Evrópu og á Íslandi, landafundur, verslun og siglingar, evrópskur kapitalismi, einokun og einveldi á Íslandi, daglegt líf í sveit og borg, atvinnuvegir, manntalið 1703 á Íslandi, stjórnarfar og upplýsing, frelsisstríð Bandaríkjanna. Fimmta Moodle-verkefni á að skila 23. nóv. og því sjötta 7. des. Fyrirlestrar verða fluttir fyrstu vikuna í desember.

Námsmat:

Próf í lok annar 60%
Verkefni af ýmsum toga 40%.

Ath! Nemandi verður að ná 45% af lokaprófi til að fá áfangann metinn.

Með fyrirvara um breytingar: Björn Vigfússon og Einar Brynjólfsson.